

2
27. febr.

L Ö G

um

lántöku fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 12 milljón-um króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lán það, er ríkisstjórnin tók með lánsamningi við Barclays Bank, Limited, London, dags. 27. september 1929, að upphæð 250000 sterlingspund, skal teljast hluti af láni því, sem heimilað er með 1. gr., og staðfestist umræddur lánsamningur með lögum þessum.

3. gr.

Lög nr. 39, 14. júní 1929, um lánsheimild fyrir ríkissjóð, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 27. febrúar 1930.

Í nafni konungs

Harald

Íslands prinz og Danmerkur, ríkisstjóri.

Einar Arnason.